14 MORGUNBLADIÐ, FIMMTUDAGUR 14. MAI1981

Ljósmyndir Björns Rurikssonar
Nafn Björns Rúrikssonar hefur
oröið allþekkt á tiltölulega skömm-
um tíma, — ekki eingöngu hér
heima heldur einnig á austurströnd
Bandaríkjanna, þar sem hann hefur
haldið tvaer sýningar á ljósmyndum
sínum, — nánar tiltekið í Nikon
House, Rockefeller Center, New
York og Newark Museum, New
Jersey.
Bjðrn Rúriksson hefur víða komið
við, verið blaðamaður, greinahöf-
undur, unnið við Morgunblaðið og
Ríkisútvarpið, fararstjóri erlendra
ferðamanna, er viðskiptafræðingur
að mennt, svo og einkaflugmaður.
Hefur haldið fjólda fyrirlestra í
Bandaríkjunum um íslenzka nátt-
úru og málefni. Öll þessi störf,
samfara menntuninni, virðast hafa
þroskað Björn og aukið með honum
athyglisgáfu, má hér sérstaklega
koma fram, að hann tekur megnið
af myndum sínum úr flugvél, en það
hefur raunar þegar verið vel kynnt í
Lesbók blaðsins. Björn er sem sagt
og í bókstaflegum skilningi stöðugt
með myndavélina á lofti, þótt stund-
um haldi hann sig við jörðina og
skorðar þá jafnvel myndavélina við
fjörusteina til stóðugleikaauka, sbr.
myndina „Vetrarmorgun" (13).

Um leið og gesturinn kemur inn á
sýningu Björns í vestursal Kjarvals-
staða, verður honum ljóst, að hér er
á ferð mjög vandvirknislegur ljós-
myndari, er fer sínar eigin ieiðir.
Það, sem skilur Björn frá öðrum
ljósmyndurum, er, að hann notar
ekki filtera af neinu tagi utan í
einstaka mynd, svo sem „Brokey"
(8) og þá „polarizing filter". Þá
styðst Björn ekki við þrífót nema
við töku á tveim myndum „Eyrarrós
í Berufirði" (54), sejn undirrituðum

þótti ein þokkafyllsta myndin á
sýningunni, þar sem fram kemur
jarðræn fylling, grómögn, fegurð
lognsins og hin unaðslega kyrrð og
blíða Austurlandsins. Hin myndin
er „Melgras" (56), rík af yndisþokka
og litrænni fegurð. Þá notar Björn
yfirleitt myndirnar svo sem þær
koma úr vélinni, sker þær helst ekki
og þannig eru einungis þrjár mynd-
anna á sýningunni skornar, „Mosa-
þemba" (7), sem er mjög hrifmikil
mynd, en hér er manninum með
ljósmyndavélina, sem staðsettur er
inni í myndinni, gjörsamlega ofank-
ið að mínu mati, svo að meira hefði
mátt skera. Hinar tvær eru „Óseyr-
ar" (18) og „Haustmorgunn" (30).
Um síðasttöldu myndina mætti
segja, að hér er ljósmyndavélin á
mörkum málverksins og er myndin
undarlega lík sumum haustmál-
verkum Kjarvals. „Hér „brillera"
haustlitirnir sem sagt á Kjarvalska
vísu. Undarlegt fannst mér svo, er
ég las svipaða tilvitnun í amerískum
listdómi, en þó um aðra mynd en í
svipuðu samhengi. Er hér um að
ræða myndina „Miðnætursól" (28),
en þar segir listrýnirinn, að hún
minni merkilega mikið á myndina
„Twilight in the Wildness" eftir
ameríska nítjándu aldar málarann
Frederic Church. Hér skal sérstak-
lega tekið fram, að átt er við „að
myndirnar minni á málverk".
Ljósmyndin getur nefnilega ekki
komið í stað málverksins að öllu
leyti, enda er hún sérstök listgrein.
Það er auðséð á myndunum á
sýningunni, að Björn Rúriksson
hefur mikinn áhuga á jarðfræði og
um leið næma tilfinningu fyrir
hrifmiklum formunum og stemmn-
ingum í ríki náttúrunnar, — hér

Björn Rúríksson á sýningu sinni að Kjarvalsstödum.

nýtur hann þess, að landið er gjöfult
á myndræn tilbrigði, raunar óþrjót-
andi náma. Fjölbreytileiki íslenzkr-
ar náttúru er með ólíkindum og er
það vel að það skuli virkjað frá sem
flestum hliðum; að draga fram
fegurð þess.
Líkt og er með flesta, er heillast
af fluginu, hefur Björn líkast til
fengið áhuga á stjörnufræði og
hinum hrífandi lögmálum alheims-
ins. Það sýnir t.d. mynd hans af
Valhúsaskóla á Seltjarnarnesi, sem
er tekin 13.3. 1979, en þá var
deildarmyrkur á tungli. Helst lítur
þetta út sem dularfull höll einhvers
staðar í geimnum eða handan rúms
og tíma.
Það, sem vakti sérstaka athygli
mína við fyrstu skoðun, var hve vel
var gengið frá myndunum og taldi
ég það ameríska fagvinnu í fyrsta
gæðaflokki. En fram kom, að Björn
setti myndirnar upp sjálfur og
smíðaði blindramma úr furu, á
hliðum er formica-plast og fer mjög
vel.

Það má geta þess, að allar mynd-

irnar eru 33 mm, en fyrst stækkaðar
á „internegativ" 8x10, ca. 20x30 cm.
Framleiðandi ljósmyndanna,
Stewart Color Labs, ábyrgist litgæði
þeirra í a.m.k. 25 ár, ef þær eru ekki
hafðar í beinu sólarljósi eða sterku
útfjóiubláu Ijósi. Menn taki sér-
staklega eftir því síðasttalda, því að
hvorki sól né útfjólublátt ljós gerir
myndum gott, af hvaða tagi sem er,
en þó einkum ef myndirnar eru
unnar á pappír.
Sýninguna hefði mátt hengja bet-
ur upp, þannig að áhrifin yrðu
kröftugri, óþarflega mikið ber á
skellum og slettum á strigaklædd-
um veggjunum, sem hægt er að
forðast með tilfallandi plötum í
húsinu. Lýsingin í húsinu er og
naumast við hæfi Ijósmyndasýn-
ingar sem þessarar.
Óhætt er að mæla með innliti á
þessa ágætu sýningu, því að Björn
Rúriksson hefur með henni ótvírætt
skipað sér í fremstu röð íslenskra
ljósmyndara.
Svo þakka ég fyrir mig með
virktum.

Sýningar
á verkum
fatlaðra
Undanfarið hafa verið settar
upp tvær smásýningar á listrænni
vinnu fatlaðra hér í borg. í fyrra
skiptið var það í húsakynnum
Álftamýrarskóla og um þessar
mundir er ein slík í vesturgangi
Kjarvalsstaða.

Það var með mikilli tilhlökkun
sem ég gerði mér ferð á sýninguna
í Álftamýrarskóla, enda hafði
sýningin verið hressilega auglýst
og skrautlegu veggspjaldi dreift
víða. Ég vil strax koma því að hve
vonbrigði mín urðu mikil, því
sannast sagna, var hér um til-
komulitla og illa skipulagða sýn-
ingu að ræða. Um þverbak keyrir
með sýninguna að Kjarvals-
stöðum, sem er einn alsherjar
ruglingur sem alls ekki á heima á
þessum stað í gefnu formi.

Ég tel rétt, að koma hér fram
með harða gagnrýni á fyrirtækin,
þótt sú umfjöllun kunni að koma
illa við ýmsa og jafnvel þykja
ómannúðleg en það skal hiklaust
gert því að mikið er í húfi. Svo ég
mýki broddinn þá mátti auðvitað
sjá ágæta og á köflum mjög
athyglisverða hluti innan um en
það afsakar ekki mistökin.
Mér er nefnilega fullkomlega
ljóst, að hér hefur verið glutrað
niður stórkostlegu tækifæri til að
auglýsa á veglegan hátt hvers
slíkir eru megnugir og hefði
gjarnan mátt leggja alla Kjarvals-
staði undir þá framkvæmd. Úr því
að á báðum þessum sýningum

Með Útivist um landið

ÚTIVIST VII.
Ársrit Útivistar.
104 bls. Reykjavík 1981.

Útivist er eitthvert glæsilegasta
og besta landfræði- og ferðarit
sem gefið er út hérlendis, litmynd-
ir margar, myndefni hugvitlega
valið í samræmi við texta og
nosturslega prentað. Ritstjórarn-
ir, þeir Einar Þ. Guðjohnsen og
Jón I. Bjarnason, tóku strax þá
stefnu að hafa ritið nokkuð fjöl-
breytt; birta t.d. ekki einungis
ferða- og landlýsingar heldur og
ýmiss konar annan fróðleik sem
ferðamönnum má að gagni koma.
Hefur það að mínum dómi gefist
vel.

í þessu hefti er þó landlýsingin
yfirgnæfandi. Hefst ritið t.d. á
þætti eftir Helga Þórarinsson:
Æðey. Helstu örnefni og leiðar-
lýsing. Helgi lést á síðastliðnu
sumri en hafði þá lokið ritun
þáttarins. Fylgja þættinum bæði
myndir og uppdráttur. Þátturinn
er ritaður af mikium kunnugleika
á staðháttum og náttúrufari eyj-
arinnar. Eru, svo dæmi sé tekið,
taldir upp allir fuglar sem verpa í
Æðey. En á síðustu árum hafa
orpið þar hvorki fleiri né færri en
tuttugu og fjórar fuglategundir.

Nanna Kaaber segir frá Ferð í
Hoffellsdal. Fjörlega skrifuð frá-
sögn og greinargóð. Þá er Leiðar-

Einar Þ. Guðjohnsen

lýsing um Arnarf jörð eftir Andr-
és Davíðsson. Andrés er maður
ritfær í besta lagi og þaulkunnug-
ur vestra, enda þaðan upprunninn.
Arnarfjörður er sem kunnugt er
annar mesti fjörður þeirra sem

Kvennadeild Borgfirðinga-
f élagsins með kaf f isölu

Bókmenntlr

ef tir ERLEND

JÓNSSON

A SUNNUDAGINN 17. maí nk.
verður Kvennadeild Borgfirð-
ingafélagsins með sína árlegu
kaffisölu og skyndihappdrætti i
Domus Medica.
Kvennadeildin hefir starfað í 17

ár og reynt eftir beztu getu að
vinna að líknar- og menningar-
málum. í deildinni eru konur
ættaðar úr Mýra- og Borgarfjarð-
arsýslum eða giftar Borgfirðing-
um.

einu nafni kallast Vestfirðir,
næstur á eftir ísafjarðardjúpi.
Andrés míðar leiðarlýsingu sína
við ferðamann sem vitjar um-
ræddra slóða lítt eða ekki kunnug-
ur, lýsir helstu kennileitum og fer
líka hæfilega ofan í jarðfræðina
en lætur smáatriði liggja milli
hluta. I Arnarfirði eru Lokin-
hamrar þar sem Guðmundur G.
Hagalín var í heiminn borinn.
Andrés segir að í frásögnum hans
kenni »Arnfirðingar hinn sann-
ferðuga ilm liðinna daga, og hinar
Ijóslifandi myndir af fólki og landi
í ritum hans finnst þeim jafn
sannar og þær væru sagðar með
mestri kunnáttu og íþrótt frá
þeirra eigin brjósti.«

Meðal annars efnis nefni ég
sérstaklega þáttinn Örlygsstaðir
eftir Sverri Pálsson. Þótt Örlygs-
staðabardagi væri ekki mann-
skæðasta orrusta á Sturlungaöld
varð hann söguriturum öðrum
atburðum minnisstæðari. Lýsing
Sturlu Þórðarsonar á bardaganum
í Sturlungu er bæði nákvæm og
áhrifamikil. Og ekki þurfti Sturla
að spyrja aðra þ'ví hann var þar
sjálfur.

Nafnið Örlygsstaðir er ábúo-
armikið og gæti þess vegna verið
heiti á meiri háttar prestssetri.
En raunar er í vafa dregið að þar
hafi nokkru sinni staðið býli.
Örlygsstaðabardagi hefði verið til-
valið herskóladæmi ef þess konar
skólastofnun hefði verið til hér á
þrettándu öld. Sverrir Pálsson
leiðir að því gild rök að Sturla og
Sighvatur hafi ekki valið Örlygs-
staði sjálfviljuglega til varnar,
þeir hafi ætlað að leita annars
vígis þar nærri en ekki náð þangað
áður en óvinina bar að.

»Ekki er að efa,« segir Sverrir,
»að framvinda mála hefði orðið
allt önnur, ef Sturlungar hefðu
sýnt meiri fyrirhyggju, en hún
reyndist furðulega lítil og undir-
búningur átakanna frá þeirra
hendi ráðleysisfálm hugsjúkra
manna.«

Ennfremur segir Sverrir að
afdrifaríkasta vanræksla Sturl-
unga hafi verið sú »að hafa ekki
valið sér vígstöðu. Sturlungar
höfðu Skagafjörð á valdi sínu og
gátu valið um hin ágætustu vígi,
m.a. í Blönduhlíð, þar sem Gissuri
og Kolbeini unga hefði orðið örðug
atsóknin þrátt fyrir allmikinn
liðsmun.«

Nokkrar svarthvítar myndir
fylgja þættinum, teknar af höf-
undi, og verða harla daufar í
samanburði við hinar mörgu lit-
myndir í ritinu. Sést glöggt á
svarthvítu myndunum hvað vant-
ar þegar litinn vantar: grjót og
gróður renna út í eitt, litaskilin
eru fjarri og þar með þær útlín-
urnar náttúrunnar sem marka
öðru fremur svipmót landslagsins.

Þá rita þeir í þetta hefti, Björn
Jónsson og Hallgrímur Jónasson,
en þeir hafa báðir átt efni í Útivist
áður.

Einnig eru þarna fregnir af
skálabyggingu félagsins eftir rit-
stjórann, Jón I. Bjarnason. Fylgja
nokkrar myndir í léttum dúr. Það
var ekki ófyrirsynju að félagið
ákvað að reisa sinn fyrsta skála í
Þórsmörk, þangað liggja leiðir
flestra sem á annað borð kjósa að
eiga stund í skauti ósnortinnar og
tilkomumikillar öræfanáttúru.

Gísl í
turni

Alistair MacLean. John Denis:
SVIK AÐ LEIÐARLOKUM.

Anna Valdimarsdóttir þýddi.
Iðunn 1981.

Yfirleitt koma ekki sögur Al-
istair MacLeans út í íslenskri
þýðingu fyrr en nokkrum árum
eftir að þær hafa farið sigurför
um heiminn eins og það er kallað,
verið þýddar á flest mál og
kvikmyndaðar. Svik að leiðarlok-

Bókmennllr

eftir JÓHANN
HJÁLMARSSON

um er undantekning að þessu
leyti. Sagan er ekki nema ársgöm-
ul, en engu að síður hafa kvik-
myndamenn verið fljótari á sér en
Iðunn. „Kvikmynd eftir sögunni,
með stjörnufans, fer nú um allan
heim eins og bókin," stendur á
bókarkápu.
Það mætti stundum halda að
Ah'stair MacLean semji sögur
sínar með kvikmyndun þeirra í
huga. Að minnsta kosti er varla
unnt að hugsa sér heppilegra efni
í kvikmynd en Svik að leiðarlok-
um. Metaðsókn er eiginlega fyrir-
fram tryggð.
Kaldrifjaður glæpamaður hefur
náð Eiffelturninum í París á sitt
vald og heldur þar í gíslingu
móður Bandaríkjaforseta sem er
að vasast í góðgerðastarfsemi.
Hann er óvinnandi í turninum,
enda hefur hann orðið sér úti um
vopn sem skelfa má með alla
heimsbyggðina.
Aftur á móti eru hinir sérhæfðu
fantar sem hann hefur ráðið í sína